

Safnaðarblað Akraneskirkyju

Mars 2001 - 1. tbl. 2. árg.



Nýr starfsmaður

Indriði Valdimarsson hefur verið ráðinn skrifstofustjóri, kirkjugarðsvörður og útfararstjóri hjá Akraneskirky. Hann tók við starfi 1. febrúar sl. Hér er um nýtt stöðugildi að ræða. Hann mun, sem skrifstofustjóri, m.a. sjá um starfsmannahald og vera sóknarprest til aðstoðar við uppbyggingu og framkvæmd safnaðarstarfs. Einnig mun hann annast rekstur tölvukerfis og sjá um heimasíðu þá sem kirkjan er með í undirbúningi.

Indriði starfaði áður hjá Prentverki Akraness - í ein 36 ár, lengst af sem framkvæmdastjóri frá 1982. Hann hefur mikla reynslu af kirkjulegu starfi; söng m.a. með kór Akraneskirky í tæpan aldarfjórðung og var formaður stjórnar kórsins um tíma. Sömu leiðis hefur hann setið í sóknarnefnd í meira en áratug, síðast sem formaður. Við því starfi hefur nú Þjóðbjörn Hannesson tekið.

Indriði er kvæntur Sigurlaugu Guðmundsdóttur kennara og eiga þau 3 börn.



Fyrsti Íslendingur aldarinnar skírður

Fyrsti Íslendingur aldarinnar fæddist á Sjúkrahúsi Akraness aðfaranótt nýársdags. Það var drengur. Foreldrar hans eru þau Lára Elín Guðbrandsdóttir og Gunnar Bergmann Steingrímsson. Þau eiga heima hér á Akranesi en stunda bæði háskólanám í Reykjavík. Fyrir á Lára 6 ára dóttur, Alexöndru Hlíf Jóelsdóttur.

Drengurinn var skírður við hátíðlega athöfn í Akraneskirky 28. jan. sl.



og fékk nafnið Natanael. Hann er jafnframt eini núlifandi Íslendingurinn sem ber það heiti. Natanael er hebreskt biblíunafn sem þýðir: Gjöf Guðs. - Við óskum fjölskyldunni innilega til hamingju!

Kvöldstund með foreldrum fermingarbarna

Á undanfönum þremur árum hefur foreldrum fermingarbarna verið boðið til samveru í Safnaðarheimilinu Vinaminni í tilefni af þeim merku tímamótum sem framundan eru í fjölskyldunum. Samverur þessar hafa alltaf verið vel sóttar. Á annað hundrað foreldrar hafa komið hverju sinni! Organisti kirkjunnar hefur leikið létt og ljúf lög á píanó, sóknarpresturinn talað stuttlega um fermingarundirbúninginn en aðalefni samverunnar hefur verið fyrirlestur um samskipti foreldra og ungmenna.

Eftirtaldir fyrirlesarar hafa komið á þessar samkomur: Halla Jónsdóttir uppeldisfræðingur, sr. Anna Sigríður Pálsdóttir prestur í Grafarvogi - og Elín Jóhannsdóttir kennari og námsefnishöfundur, sem við sjáum hér á myndinni, og fyrrum leiðtogi í barnastarfi Akraneskirky.

Foreldrar fermingarbarna hafa látið í ljós mikla ánægju með þessar samverustundir.



Safnaðarblað Akraneskirky

1. tölublað 2. árg. Mars 2001.

Útgefandi:
Akranessókn

Umsjón:
Eðvarð Ingólfsson (ábm),
Indriði Valdimarsson.

Prentun:
Prentverk Akraness hf.
Gefið út í 2300 eintökum.

Sóknarnefnd:
Þjóðbjörn Hannesson, formaður.
Jóhannes Ingibjartsson, ritari.
Bryndís Bragadóttir.
Brynja Einarsdóttir.
Þóra Björk Kristinsdóttir.
Dagbjört Friðriksdóttir.
Elsa Ingvarsdóttir.
Hörður Pálsson.
Ingimar Magnússon.

Ljósmyndir af fermingarbörnum:
Myndsmiðjan

Efnisyfirlit

Hugleiðing sóknarprests	3
Poppmessur vel sóttar	4
Framkvæmdir í kirkjugarðinum	4
Kristnihátíð á Akranesi	5
Karl Kristinn Kristjánsson: Þjóðhátíðarræða 1999	6
Líf og fjör í kirkjuskólanum	7
Messað á jólanótt	7
Hjónavígslur árið 2000	8
Dagur hjónabandsins	8
Guðbjartur Hannesson: Ávarp á sumardaginn fyrsta	9
Æskulýðsdagurinn	10
Frá jólatrésskemmtun	10
Myndir af fermingarbörnum 2000	11
Fermingarbörn á Akranesi vorið 2001	14

Hátíðartónleikar

Laugardaginn 10. mars sl. héldu kirkjukórar og organistar í Borgarfjarðarprófestsdæmi tónleika í Safnaðarheimilinu Vinaminni í tilefni af kristnitökuafmæli. Á sjöunda tug kórfélaga tók þátt, auk 7 organista. Tónleikarnir þóttu afar vel heppnaðir og flytjendur fengu mikið lof í lófa.

Eðvarð Ingólfsson sóknarprestur:

Viltu vinna milljón?

Viltu vinna milljón, lesandi góður? Hver vill ekki vinna milljón? Hver vill ekki vinna tvær milljónir eða 40 milljónir? Flesta dreymir um að vinna þann stóra. Þótt margur kaupir happdrættismiða til þess að leggja góðu málefni lið, t.d. styðja líknarfélag, þá blundar sú von innst inni hjá flestum að detta í lukkupottinn. Það er bara mannlegt!

Vinningar eru eins og launaupp-bót. Sá sem fær stóran vinning, háar fjárhæðir, þarf ekki að hafa áhyggjur af lífsafkomu sinni um langa framtíð. Þess vegna geta flestir, ef ekki allir, hugsað sér að detta ærlega í lukkupottinn.

En það þarf sterk bein til þess að pola góða daga. Stórir vinningar geta lagt líf fólks í rúst ef það kann ekki að fara með þá. Mörg dæmi eru um að fólk, sem unnið hefur milljarða í lottóum og happdrættum í hinum stóra heimi, hafi gersamlega tapað vitinu. Það er ekki undir það búíð að verða milljónamæringar, það kann ekki að lifa slíku lífi og eyðir peningunum í ýmiskonar vitleysu og tekur óþarfa áhættu. Sumir vinningshafar hafa auk þess ánetjast áfengi og öðrum vímugjöfum óhófliga og misst frá sér fjölskyldu og vini af þeim sökum.

Þegar svo er komið fyrir fólki, þá er kannski vert að spyrja hvort ekki hefði verið betra fyrir það að hafa alls ekki

hlotið þann stóra. Maki og börn verða t.d. aldrei metin til fjár, ekki heldur vinir og kunningjar. "Hvað stoðar það manninn að eignast allan heiminn, ef hann glatar sálu sinni?" spurði Jesús Kristur eitt sinn og það var vel spurt. Hvers virði eru peningar - milljónir og milljarðar - ef við missum það frá okkur sem okkur er kærast og gefur lífi okkar mest gildi? Þeir eru einskis virði!

Nú á dögum bjóða mörg lottó- og happdrættisfyrirtæki vinningshöfum, sem hreppa háar fjárhæðir og kollvarpað gætu tilveru þeirra, upp á sálfræðihjálp. Er það vel.

Hússein Jórdanúkonungur var ríkasti maður jarðar. Hann fékk krabbamein fyrir nokkrum árum og háði harða baráttu gegn því, ákveðinn í að sigrast á sjúkdómnum. En allt kom fyrir ekki! Hann lést af meini sínu í fyrra. Þótt hann hefði efni á þjónustu færustu lækna heims og gæti keypt dýrustu og bestu lyf sem völ eru á, þá dugði það honum ekki í baráttunni fyrir lífi sínu. Hann var dauðlegur eins og allir menn.

Við sjáum á þessu dæmi að peningur gagnast okkur ekki að öllu leyti. Við getum t.d. ekki keypt okkur lausn frá dauða.

Og hvað þá? Hvað segir kirkjan, hvað segir trúin? Hvaða ráð á hún handa dauðlegum heimi? Hún segir þetta: Það er aðeins einn sem getur



læknað okkur og gefið okkur eilíft líf. Það er Guð, það er Jesús Kristur. Þeir sem þiggja að ganga á Guðs vegum og leitast við að lifa eftir boðum hans njóta blessunar hans og verndar. Okkar er valið. Hann neyðir engan til fylgdar við sig. Við verðum að fylgja honum af fúsum og frjálsum vilja.

Viltu vinna milljón? var spurt hér í upphafi.

Já, er svarið. Ég vil vinna milljón - en ég vil líka vinna þau gæði sem mestu máli skipta fyrir líf mitt og hamingju. Stærsti vinningur lífs okkar er að eiga fullvissu um eilíft líf í samfélaginu við Jesú Krist, - að fá að eignast einlæga og sanna trú.

Það er mitt lokasvar, lesandi góður, og ég vona að það sé þitt lokasvar líka. Lofum Guð og þökkum honum fyrir allar góðar gjafir. Biðjum hann að stýra huga okkar og hönd til góðra verka. Þá mun okkur farnast vel!

Kirkjunefnd kvenna

Kirkjunefnd hefur starfað við Akraneskirku frá árinu 1945. Tilgangur hennar er að prýða kirkjuna og búa hana ýmsum nytsömum hlutum.

Seint verður ofmetið allt það fórnfúsa starf sem kirkjunefndin hefur innt af hendi í meira en hálfa öld.

Núverandi stjórn skipa:

Guðrún Vilhjálmisdóttir, formaður,
Ragnheiður Grímsdóttir, varaform.,
Guðmunda Ólafsdóttir, ritari,
Lilja Gísladóttir, gjaldkeri,
Sigurlaug Guðmundsdóttir, meðstj.

Vel heppnuð adventuhátíð

Adventuhátíð Akranessafnaðar á aldamótaári var haldin annan sunnudag í adventu í Safnaðarheimilinu Vinaminni. Aðalræðumaður kvöldsins var Hrönn Ríkhardsdóttir aðstoðarskólastjóri. Kór Akraneskirku og Karlakór Kjalnesinga fluttu nokkra sálma og lög. Helga Magnúsdóttir leikskólaráðgjafi las jólasögu

og Katalin Lörincz lék tvö stutt verk á píanó. Í lok samkomunnar var flutt bæn og blessun og síðan risu allir á fætur og sungu saman adventusálm-inn fallega: Fögur er foldin.

Húsfyllir var þetta kvöld. Áður en gestir héldu heim aftur var boðin hressing í anddyri safnaðarheimilisins.

Framkvæmdir í kirkjugarðinum

Í fyrra var tekinn í notkun nýr grafarreitur. Þessi stækkun ætti samkvæmt fyrri reynslu að duga næstu tvo áratugin - en öll grafarstæði í eldri garðinum eru farin þótt þau hafi ekki öll verið tekin í notkun ennþá. Mörg stæði eru enn ónotuð en það er venja að taka frá a.m.k. eitt stæði, t.d. fyrir eftirlifandi maka.

Þá hafa verið ýmsar aðrar framkvæmdir í kirkjugarðinum. T.a.m. var skipt um jarðveg í stofngötum og þær undirbúnar undir malbik. Hönnun endanlegs skipulags á garðinum er enn á teikniborðinu en vonandi lýkur þeirri vinnu innan tíðar og í framhaldi

Stjórn Kirkjukórs Akraness

Kristrún Gísladóttir, formaður,
Steingrímur Bragason, varaform.,
Ragnhildur Theodórsdóttir, ritari,
Baldur Magnússon, gjaldkeri,
Margrét Gísladóttir, meðstj.

verður hafist handa við að gróðursetja tré við úthring garðsins.

Um síðustu jól varð breyting á jóla-lýsingu í garðinum. Þeir tveir aðilar sem séð hafa um hana undanfarin ár sögðu sig frá þeirri vinnu. Auglýst var eftir nýjum verk tökum. Enginn aðili frá Akranesi sýndi þessu áhuga svo gengið var til samninga við Raffjón-

ustuna Ljós í Reykjavík en hún sér meðal annars um lýsingu í Gufuneskirkjugarðinum. Síðan var samið við Lionsklúbb Akraness um að hann setti upp krossana og sæi alveg um þá.

Kveikt var á ljósunum fyrsta sunnudag í aðventu og er það fyrir en undanfarin ár.

„Nakin“ kirkja

Eins og bæjarbúar hafa veitt athygli er engin málning á kirkjunni um þessar mundir. Ástæðan er sú að árið 1994 var sett nýtt járn á kirkjuna og það málað fljótlega. Ekki voru liðnir nema nokkrir mánuðir þegar bera fór á því að málning var byrjuð að flagna af. Ýmsar tilraunir voru gerðar til að lagfæra þetta en lítill árangur varð. Vorið 1999 var svo ákveðið að hreinsa alla málningu af og ekkert til sparð að vinna verkið sem allra best og á þann hátt að allt yrði í lagi og síðan var

kirkjan máluð aftur. En allt fór á sama veg, - málningin byrjaði að flagna af á sömu stöðum og áður. Í fyrrahaust var enn ákveðið að þvo alla málningu af og láta kirkjuna "veðrast", sem kallað er, í tvö til þrjú ár.

Engin skýring hefur fengist á þessu vandamáli en böndin berast að gölluðu járn þótt ekki sé hægt að fullyrða neitt um það. Akurnesingar verða því að hafa kirkjuna sína „nakta“ enn um hríð.



Gospelkórinn í poppmessuni 4. mars.

Poppmessa fjölsótt

Á æskulýðsdaginn, 4. mars sl. og næsta sunnudag á eftir, 11. mars, var flutt poppmessa í Akraneskirky. Gospelkór Akraness söng undir stjórn Hannesar Baldurssonar og Heiðrúnar Hámundardóttur. Flutt voru vinsæl, trúarleg lög og lesnir ritningartextar á

milli. Mjög góð aðsókn var í báðar messurnar; 300 manns sóttu fyrri messuna en 200 þá seinni. Kirkjugestir voru á öllum aldri, þeir elstu á nírræðisaldri!

Stefnt er að nýrri poppmessu á sama tíma að ári.

Lestur Passíusálma

Sú hefð hefur skapast í Akraneskirky að lesa alla Passíusálma sr. Hallgríms Péturssonar á föstudaginn langa. Í fyrra voru það félagar í bókmenntaklúbbi á Akranesi sem sáu um upplesturinn. Þeir eru eftirtaldir - í þeirri röð sem þeir lásu:

Bjarnfríður Leósdóttir, Adam Þór Þorgeirsson, Sigríður Árnadóttir, Sesselja Einarsdóttir, Steingrímur Bragason, Guðrún F. Hjartar, Kristbjörg Þórðardóttir, Benedikt Sigurðsson, Hallbera Jóhannesdóttir og Ólína Jónsdóttir.

Organisti kirkjunnar lék stutt tónverk á milli lestra og Guðrún Ellertsdóttir söng einsöng þegar lesturinn var hálfnaður.

Passíusálmarnir verða lesnir á ný í kirkjunni á föstudaginn langa, 13. apríl nk.

Kristnihátíð á Akranesi


Biskupshjónin heiðursgestir

Hátíðarguðsþjónusta - í tilefni 1000 ára kristni hér á landi - var haldin í Akraneskirku, sunnudaginn 19. nóvember sl. Biskup Íslands, hr. Karl Sigurbjörnsson, prédikaði. Núverandi og fyrrv. sóknarprestar Akranesinga, sr. Eðvarð Ingólfsson og sr. Björn Jónsson, þjónuðu fyrir altari. Sr. Þorbjörn Hlynur Árnason, prófastur Borgfirðinga, ávarpaði kirkjugesti í upphafi messunnar og Indriði Valdimarsson, sóknarnefndarformaður, leiddi upphafsþæn. Sr. Kristinn Jens Sigurþórsson, sóknarprestur í Saurbæ, las ritningarorð.

Biskupshjónin, hr. Karl og frú



Hjónin, Elín Þorvaldsdóttir og Bragi Þórðarson bókaútgefandi, á tali við sr. Björn eftir messu.



Biskup í prédikunarstól.

Kristín Guðjónsdóttir, voru heiðursgestir Borgarfjarðarprófastsdæmis þennan dag. Í upphafi máls síns minntist hann ánægjulegrar dvalar hér á Akranesi þegar faðir hans, Sigurbjörn Einarsson, síðar biskup, þjónaði Akranessöfnuði um hálfis árs skeið í veikindaleyfi sr. Jóns M. Guðjónssonar, árið 1953. Þá var Karl aðeins 6 ára. Hann fjallaði síðan um kærleikann og fyrirgefninguna í prédikun sinni.

Öllum kirkjugestum var boðið til kaffisamsætis í Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni. Guðsþjónustan var fjölsótt.

Hér getur að líta nokkrar ljósmyndir sem Helgi Danielsson tók þennan dag.



Boðið var til heilagrar kvöldmáltíðar í athöfninni.



Allir prestar Borgarfjarðarprófastsdæmis ásamt biskupi og fyrrv. prófasti, sr. Birni.



Biskup og Hörður Pálsson við kirkjudyrr.

Karl Kristinn Kristjánsson:

Þjóðhátíðarræða 1999

Góðan dag, góðir gestir, og gleðilega þjóðhátíð.

Það var 17. júní árið 1944, fyrir 55 árum, sem við Íslendingar urðum sjálfstæð þjóð. Langþráðu takmarki var náð - og nú höldum við öll saman upp á þjóðhátíðardaginn. Einn er sá maður sem flestum Íslendingum er kunnur og kemur nafn hans jafnan fyrst upp í hugann ef talað er um 17. júní. Það er Jón Sigurðsson sem var einn helsti baráttumaður okkar fyrir sjálfstæði. Hann var fæddur 17. júní 1811 og það er því engin tilviljun að 17. júní varð fyrir valinu sem þjóðhátíðardagur.

Sjálfstæðisbarátta Íslendinga var enginn hægðarleikur, þetta var löng og ströng barátta gegn undirokun Dana. Réttast væri að segja að barátta okkar hafi hafist við undirritun Gamla sáttmála er við fólum okkur Noregskonungi á vald. Fyrsta tákni þess að barátta okkar bæri einhvern árangur varð sýnilegt 1874 þegar ný stjórnarskrá tók gildi. Árið 1904 fengum við svo Heimastjórn og fyrsta íslenska ráðherrann - og 1. desember 1918 tóku Sambandslögin gildi. Þau kváðu á um eftirfarandi: „Danmörk og Ísland eru frjáls og fullvalda ríki, í sambandi við einn og sama konung.“ Þessum lögum var síðan sagt upp eftir síðari heimsstyrjöldina og lýðveldið Ísland varð til.

Í dag er fimmtudagurinn 17. júní 1999. Margt hefur gerst á þessum 55 árum síðan við urðum sjálfstæð. Við búum í fallettu landi og lifum góðu lífi. Mín skoðun er sú að við Íslendingar lifum þægilegra lífi en við gerðum áður - en aftur á móti mun flóknara lífi. Þróunin hefur verið með ólíkindum og síðustu ár hafa verið hreint út sagt ótrúlega á sviði tækni framfara.

Nú á dögum gerist allt hratt og valmöguleikarnir eru svo margir að maður er ekki alveg viss í hvorn fótinn

maður á að stíga. Fyrir stuttu gerðist hið ótrúlega. Ég útskrifaðist frá Fjölbautaskóla Vesturlands ásamt 60 öðrum stúdentum. Nú stöndum við nýstúdentarnir á krossgötum í lífi okkar eftir margra ára skólagöngu. Leiðir margra skilja og við tókum okkur ólíkt fyrir hendur í framtíðinni.

Ég man eftir mínum fyrstu skólaárum, þegar ég fór í skólann á BMX-hjólinu mínu, með tösku stærri en bakið á mér og fótboltann. Þá ætlaði ég sko að verða löggæ! En svo þegar kom fram á unglingsárin þá var ég búinn að skipta um skoðun: Ég ætlaði að verða ríkur! Á fyrstu árum mínum í fjölbaut var ég síðan kominn með það í kollinn að það væri nú ekki svo vitlaust að verða "bísnið kall"! Og nú stend ég hér í dag og á heima í landi sem býr trúlega yfir mestu menntunarmöguleikum í heiminum - en ég hef samt aldrei verið jafnráðvilltur um framtíð mína og um þessar mundir. Sama á við um fjöldann allan af öðrum nýstúdentum sem útskrifuðust með mér. Menntunar- og atvinnutækifæri nú á dögum eru ótrúlega mörg!

Ísland er í dag, eins og fyrir 55 árum, lítið land. Við erum laus við stríð og erjur, t.d. í líkingu við það sem nú er að gerast í Kosovo. Ekki þurfum við að hafa áhyggjur af hungursneyð eða alvarlegum smitsjúkdómum. Við erum lítil þjóð og lifum í sátt og samlyndi. Við búum í fallettu landi í heimi þar sem náttúran er hreint unadsleg og ómótstæðileg. Við höfum okkar eigið tungumál. Íslenskan er fornt mál sem hefur varðveist vel og ekki orðið fyrir miklum erlendum áhrifum. Við höfum okkar sérstöku menningu sem hefur þróast um aldir. Þetta hvorutveggja þurfum við að halda áfram að vernda, því ef við glötum því þá glötum við stórum hluta af



því sem einkennir sjálfstæði okkar.

En það er fleira sem einkennir okkur Íslendinga, t.d. smæðin og einangrunin. Það skýrir best hve vel hefur tekist að varðveita tungu okkar og menningu. En í dag gerast hlutirnir hratt og heimurinn verður í raun alltaf minni og minni. Við lifum á tímum framfara þar sem samskipta- og samgöngutækni verður æ betri með hverjum deginum. Af þessum ástæðum þurfum við að vera enn duglegri við að verja þjóðareinkenni okkar.

Við nálgumst óðfluga 21. öldina. Bjart er framundan í lífi þessarar þjóðar. Tækifærin hafa aldrei verið fleiri og betri. Höldum því fast í trúna, höfum trú á okkur sjálfum, sýnum náunganum kærleika og góðvild; höfum trúna og vonina að leiðarljósi! Við búum í yndislegu landi þar sem allt er möglegt. Verum því hamingjusöm, njótum þess að vera til, því lífið brosir við okkur!

✠ Karl Kristinn flutti þessa ræðu, sem fulltrúi nýstúdentanna, í Akraneskirky. Hann lést af slysförum tæpum 10 mánuðum seinna, hinn 10. apríl 2000. Útför hans fór fram frá Akraneskirky 19. apríl að viðstöddu miklu fjölmenni, - rúmlega 800 manns. Sorg fjölskyldu hans og vina var sorg allra þegar þú. Góður Guð blessi minningu þessa ljúfa drengs sem vann hug og hjörtu allra þeirra sem kynntust honum.

„Leiddu mína litlu hendi . . .“

Sungið, talað, litað og leikið í barnastarfinu

Barna- og æskulýðsstarfið hefur verið með miklum blóma í vetur. Mörg börn mæta þar að staðaldri, önnur koma endrum og eins - og alltaf bætast einhver ný í hópinn.

Hreiðar Örn Stefánsson er leiðtogi í




barnastarfinu í vetur, bæði í kirkjuskólanum og TTT-starfinu. Honum til aðstoðar hefur verið Þór Bínó Friðriksson. - Þessar myndir voru teknar í vetur.



„Ó, helga nótt . . .“

Mjög góð messusókn var á jólum á aldamótaári. Á aðfangadag var aftansöngur og miðnæturguðsþjónusta. Á jóladag var hátíðarguðsþjónusta og á annan í jólum skírnarguðsþjónusta. Einnig var messað á Dvalarheimilinu Höfða og Sjúkrahúsi Akraness um hátíðarnar.

Þessar myndir tók Helgi Daníelsson í messu á jólanótt af kirkjugestum sem komnir voru til þess að njóta helgi jóllanna.



Hjónavígslur í Garðaprestakalli 2000

6. jan.: Alton Randolph Abrams og Olivia Alinsog Ledesma, Bandaríkjunum.
22. jan.: Einar Þórarinnsson og Valborg Ragnarsdóttir, Dyngjuvegi 1, Reykjavík.
22. jan.: Rúnar Þór Óskarsson og Brynja Kristbjörg Jós-
efsóttir, Garðabraut 8.
5. febr.: Sturlaugur Haraldsson og Þórunn Anna Bald-
ursdóttir, Vesturgötu 32.
8. apríl: Einar Sigurdór Sigurðsson og Margrét Þóra
Jónsdóttir, Stekkjarholti 6.
8. apríl: Anton Sigurður Agnarsson og Erna Björk
Markúsdóttir, Vesturgötu 40.
8. apríl: Kristleifur Skarphéðinn Brandsson og Heiðrún
Hámundardóttir, Einigrund 11.
3. júní: Svanur Þór Pálsson og Edda Björk Arnardóttir,
Suðurgötu 107.
3. júní: Hugí Harðarson og Elsa Jóna Björnsdóttir, Jað-
arsbraut 23.
8. júlí: Magnús Sigurðsson og Ester Sigríður Helga-
dóttir, Áshömrum 36, Vestmannaeyjum.
15. júlí: Júlíus Már Þórarinnsson og Jóna Krístrún Sig-
urðardóttir, Skarðsbraut 9.
15. júlí: Brynjar Ingimarsson og Guðmunda Júlía
Valdimarsdóttir, Suðurgötu 113.
22. júlí: Valur Bjarnason og Sólrún Ósk Aðalsteins-
dóttir, Háholti 30.
22. júlí: Viktor Sigurgeirsson og Ragnheiður Dagný
Ragnarsdóttir, Stekkjarholti 17.
12. ágúst: Jón Þórólfur Guðmundsson og Silja Ósk
Björnsdóttir, Víðigrund 6.
12. ágúst: Karl Ingi Sveinsson og Sigrún Vigdís Gylfa-
dóttir, Jörundarholti 202.
19. ágúst: Gunnar Þór Haraldsson og Svava Sigríður
Ragnarsdóttir, Presthúsabraut 30.
2. sept.: Pétur Ásbjörns Jóhannsson og Lára Hlöðvers-
dóttir, Leynisbraut 40.
2. sept.: Gunnar Sigurgeir Ragnarsson og Sigrún Bald-
ursdóttir Leynisbraut 42.
9. sept.: Baldur Ragnar Ólafsson og Auður Líndal Sig-
marsdóttir, Suðurgötu 52.
9. sept.: Reynir Guðmundsson og Sigríður Lárusdóttir,
Kirkjubraut 60, Höfn í Hornafirði.
9. sept.: Rúnar Geir Þorsteinsson og Elsa Lára Arnar-
dóttir, Garðabraut 26.
23. des.: Jörgen Nilsson og Anna Margrét Tómasdóttir,
Brekubraut 10.
30. des.: Lúðvík Þorsteinsson og Nanna Sigurðardóttir,
Akurgerði 17.
30. des.: Samúel Jón Gunnarsson og Rebekka Helen
Karlsdóttir, Danmörku.

Leiðréttingar:

Á lista yfir brúðhjón ársins 1999, sem birtist í safnaðarblaðinu í fyrra, vantaði nöfn einna brúðhjóna. Þau eru: Svavar Skarphéð-
inn Guðmundsson og Hrönn Ásgeirsdóttir, Suðurgötu 26. Brúð-
kaup þeirra fór fram 17. júlí.

Á sama lista voru Jón Halldór Guðmundsson og Guðný Mar-
ía Sigurðardóttir, Ærlæk II, Öxarfirði, sögð hafa gift sig 1. októ-
ber. Hið rétta er að þau giftu sig mánuði fyrr, 1. september, en
þann sama dag varð brúðguminn einmitt fertugur. - Beðist er vel-
virðingar á þessu hvorutveggja.

Hjónahelgi í Akraneskkirkju

„Akraneskkirkja. Dagur hjónabandsins. Nú býður þú ást-
inni þinni til kirkju!“ Þannig hljómaði auglýsing í útvarp-
inu í fyrrahaust.

Dagur hjónabandsins var hluti af hjónahelgi sem Akra-
neskkirkja stóð að og hófst með námskeiði á laugardeginum.
Leiðbeinandi var Stefán Jóhannsson fjölskylduráðgjafi.
Guðsþjónustan daginn eftir var tileinkuð hjónabandinu,
ástinni og kærleikanum. Megintilgangurinn með "degi
hjónabandsins" er að hvetja hjón til þess að rækta sam-
bandið, - hlúa að dýrmætri eign! Þetta er í annað sinn sem
hjónahelgin er haldin.

Fjölmenni var við guðsþjónustuna. Hana sótti einnig
fólk úr öðrum byggðarlögum, bæði úr uppsveitum Borgar-
fjarðar og af höfuðborgarsvæðinu. Sungnir voru brúð-
kaupssálmur og leikin létt lög og prédíkun prestsins fjallaði
um hjónabandið og fjölskylduna. Á eftir var kirkjugestum
boðið til kaffisamsætis.

Dagur hjónabandsins verður aftur haldinn hátíðlegur
21. október nk.

Fyrirlestur og námskeið um sorgina

Sr. Sigfinnur Þorleifsson sjúkráhusprestur hélt fyrir-
lestur um makamissi í Safnaðarheimilinu Vinaminni 9.
október sl. Þar fjallaði hann um viðbrögðin sem öðru
fremur eru talin auðkenna sorgina við fráfall lífsföru-
nautar. Rúmlega 80 manns hlýddu á.

18. nóvember sl. hélt svo Akraneskkirkja námskeið fyrir
foreldra sem misst hafa fóstur eða ungbörn. Leiðbein-
andi var sr. Bragi Skúlason sjúkráhusprestur. Um var að
ræða fjögurra tíma námskeið þar sem foreldrum gafst
dýrmætt tækifæri til þess að fara yfir þá miklu reynslu
sem þeir hafa orðið fyrir með hópi fólks sem reynt hef-
ur svipaða sorg. Þátttakendafjöldi var takmarkaður við 6
hjón/pör og var fullskipað á námskeiðinu.

3. mars sl. var síðan haldið námskeið fyrir foreldra
sem misst hafa stálpuð ungmenni. Þar var sr. Bragi
Skúlason einnig leiðbeinandi. Fullskipað var á nám-
skeiðinu sem mæltist ákaflega vel fyrir eins og önnur
sorgarnámskeið sem Akraneskkirkja hefur staðið að.

Guðbjartur Hannesson skólastjóri:

Friður og vinátta

Ræða flutt á sumardaginn fyrsta, 20. apríl 2000

Kæru skátar, yngri og eldri.
Ágætu kirkjugestir.
Gleðilegt sumar! Komið þið sæl!

Við Íslendingar höfum haldið fast í þann sið að fagna sumri, eigum okkar sérstaka fyrsta sumardag. Á þessum degi óskum við hvert öðru gæfu og gengis á komandi sumri og þökkum fyrir liðinn vetur.

Það er svo mikilvægt að geta glaðst með fólki, óskað fólki gæfu og gengis og að geta samfagnað þegar vel gengur. Ekki aðeins sínum nánustu heldur öllum þeim sem þú umgengst eða starfar með auk féлага og vina.

Við skulum halda fast í þann sið að ávarpa, heilsa og kveðja með einlægum óskum. Segjum sæl eða sæll, með ósk um sælu og hamingju. Segjum bless þegar við kveðjumst og óskum þannig hvert öðru blessunar.

Slíkar kveðjur eru ekki sjálfsgætur hlutur. Virðing fyrir öðru fólki, öðrum krökkum, gagnkvæm virðing er ekki sjálfsgætur hlutur. Ekki hefur öllum tekist að rækta með sér þann eiginleika að geta samfagnað, glaðst yfir velgengni annarra.

Skátahreyfingin á að kenna okkur að gleðjast, vera glaðvær, sýna trygglýndi, vera drengileg, góðir félagar í samskiptum við aðra, alla aðra óháð útliti, trúarbrögðum, kyni, stærð eða vexti. Skátastarfið á að kenna okkur að draga fram kosti hvers og eins og undirstrika mikilvægi okkar allra sem einstaklinga.

Öll höfum við okkar sérkenni og lit, sem sameiginlega geta myndað hinn falgasta regnboga. Engan lit má vanta. Bara að við skildum þetta alltaf, sæjum hvað það er mikilvægt fyrir mannlífið að við erum ólík. Bara ef við kynnum að meta hvernig við

erum sjálf, gætum bætt okkur, lagað og snyrt, um leið og við njótum þess að sjá fjölbreytileika hinna.

Við verðum ekki dæmd af því hvort við erum best í einhverju, fljóttust að hlaupa, best í fótbolta eða stökkvum hæst. Öll kunnum við eitt-hvað og eigum að rækta hæfileika okkar og nýta þá sem best, hvert og eitt, óháð því hvort það dugir til að vera fremstur í einhverju. Við þurfum að læra að keppa við okkur sjálf og sigrast á sjálfum okkur.

Eitt ædsta markmið skátahreyfingarinnar er að boða bræðralag milli einstaklinga, milli þjóða. Markmiðið er að við kynnumst, þekkjum hvert annað, treystum hvert öðru og stuðlum þannig að friði í heiminum.

En það er erfitt að stuðla að friði í heilum heimi ef við getum ekki lifað sátt saman hér í okkar litlu hópum, í bekkjunum okkar og hér í bæjarfélaginu. Það er ógnvekjandi hvað margir telja sér ógnað, hve margir eru hræddir, af því að í hópnum eru litlar mis-skildar hetjur sem reyna að öðlast sjálfstraust með því að ógna sér yngri börnum.



Bræðralagssöngurinn okkar minnir okkur á mikilvægi friðar og vináttu. Þar segir m.a.

*Vorn hörundslit og heimalönd
ei hamla látum því,
að bræðralag og friðarbönd
vér boðum heimi í.*

*Nú saman tökum hönd í hönd,
og heits þess minnumst við,
að tengja saman lönd við lönd
og lif vort helgað frið.*

Við eigum líka aðra fallega vísu til að minna okkur á mikilvægi góðrar vináttu:

*Ofurlitla vinsemd veitum öðrum
af og til.
Ofurlittinn skilning þeirra ágöllum í vil.
Ofurlitla hamingju látum eftir
okkur sjá,
og er við göngum lífsins leið, við
launin munum fá.*

Gleðilegt sumar!

20 þúsund kirkjugestir á einu ári

Í skýrslu formanns sóknarnefndar á aðalsafnaðarfundi í maí í fyrra kom fram að á tímabilinu frá maí 1999 til maí 2000 var fjöldi kirkjugesta 19.703. Flestir komu í aprílmánuði, 3662, en færstir í september, 631.

Í safnaðarheimilið komu á sama tímabili 21.713, flestir í apríl, 2843 - en færstir í júlí, 492. Á fyrrgreindu tímabili voru haldnar 45 almennar messur, 6 fermingarathafnir og ein skátamessa. Fyrirbænaundir voru 30, útfarir 42, brúðkaup 26, kaþólskar messur 5, kristniboðssamkomur 3 og barnaguðsþjónustur 23. Í TTT-starfinu (10-12 ára), sem fer fram í safnaðarheimilinu, voru 20 samverur. 24 fundir voru haldnir í æskulýðsfélaginu.

Um 100 börn eru skírð í söfnuðinum á ári og fer rúmlega helmingur skíranna fram í kirkjunni og kapellu sjúkrahússins. - Enn eru þá ótaldir guðsþjónustur á Dvalarheimilinu Höfða og Sjúkrahúsi Akraness - og ýmsar samkomur í safnaðarheimilinu.

Skemmtilegur æskulýðsdagur

Æskulýðsdagurinn á Akranesi var haldinn hátíðlegur 4. mars sl. Poppmessá var sungin fyrr um daginn, eins og áður er getið, og einnig var samkoma í Safnaðarheimilinu Vinaminni um kvöldið. Þar var boðið upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá sem fermingarbörn ársins stóðu aðallega að. Gestur kvöldsins var Þorgrímur Þráinsson rithöfundur og fyrrum landsliðsmaður í knattspyrnu. Hann talaði við unga fólkið um lífið og tilveruna - og heimsókn hans vakti mikla ánægju.

Í lok samverunnar sungu allir sálminn fallega, Eigi stjörnum ofar, og síðan voru boðnar veitingar í anddyri safnaðarheimilisins. 160 manns sóttu kvöldvöku æskulýðsdagsins í ár.



Frá kvöldvökunni. Þorgrímur Þráinsson rithöfundur fyrir miðju.



Helena María Sigurbjörnsdóttir lék 2 lög á harmóníku.



„Rokktríóið“ úr Brekkubæjarskóla lék og söng 3 lög og „sló í gegn“. Þetta eru þeir Hallgrímur, Vesteinn og Kristófer (söngvari tríósins).

„Göngum við í kringum . . .“



Jólatrésskemmtun kirkjuskólalabarna var haldin í Safnaðarheimilinu Vinaminni, laugardaginn 16. desember sl. Börnin komu þá í sparifötunum ásamt foreldrum sínum eða afa og ömmu og glatt var á hjalla. Þessar myndir voru þá teknar.



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 2. apríl 2000 kl. 10:30.
Með þeim á myndinni eru sr. Eðvarð Ingólfsson, sóknarprestur, sem fermdi
og sr. Björn Jónsson, fyrrv. sóknarprestur, sem aðstoðaði við útteilingu altarissakramentis.*



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 2. apríl 2000 kl. 14.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 9. apríl 2000 kl. 10:30.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 9. apríl 2000 kl. 14.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 16. apríl 2000 kl. 10:30.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 16. apríl 2000 kl. 14.

Fermingarbörn á Akranesi vorið 2001

Sunnudagur 1. apríl, kl. 10.30

Bergþóra Þorgeirsdóttir, Iðnbúð 1, Garðabæ.

(For.: Guðbjörg Þórisdóttir og Þorgeir Jósefsson)

Birgitta Rán Ásgeirsdóttir, Vesturgötu 154.

(For.: Ásgeir Haraldsson og Kristín Frímansdóttir.)

Fósturf.: Ásgeir Valdimar Hlinason)

Birkir Guðjónsson, Heiðarbraut 55.

(For.: Guðjón Theódórsson og Ellen Ólafsdóttir)

Elísa Guðrún Elísdóttir, Jörundarholti 25.

(For.: Elís Þór Sigurðsson og Jónsína Ólafsdóttir)

Emilía Ottesen, Eiðistorgi 1, Seltjarnarnesi.

(For.: Þóra Jónsdóttir og Pétur Ottesen)

Friðrika Ýr Einarsdóttir, Vesturgötu 66.

(For.: Einar E. Jóhannesson og Anna Lilja Daníelsdóttir)

Guðfinnur Gústavsson, Jörundarholti 196.

(For.: Gústav Adolf Karlsson og Droplaug Einarsdóttir)

Gunnar Karl Sölvason, Höfðabraut 7.

(For.: G. Sölvi Karlsson og Birna Gunnarsdóttir)

Heiðrún Arna Friðriksdóttir, Jörundarholti 102.

(For.: Friðrik Friðriksson og Halldóra Hafdís Arnardóttir)

Ingólfur Júlíus Pétursson, Jaðarsbraut 7.

(For.: Pétur Júlíus Sigurðsson og Inga Dís Ingólfssdóttir)

Íris Bjarnadóttir, Garðabraut 3.

(For.: Bjarni M. Guðmundsson og Þórlína Jóna Sveinbjörnsd.)

Pála Björk Kúld, Deildartúni 6.

(For.: Arinbjörn Kúld og Anna Einarsdóttir)

Sigurbjörg Halldórsdóttir, Jörundarholti 182.

(For.: Halldór B. Hallgrímsson og Guðrún Hróðmarsdóttir)

Stefanía Fanney Jökulsdóttir, Vallholti 21.

(For.: Jökull Svavarsson og Kristín Þórðardóttir)

Steinar Helgason, Vesturgötu 81.

(For.: Helgi V. Úlfsson og Auður Sigurðardóttir)

Úrsúla Guðmundsdóttir, Jaðarsbraut 37.

(For.: Guðmundur Á. Gunnarsson og Úrsúla Árnadóttir)

Sunnudagur 1. apríl, kl. 14

Birkir Örn Gylfason, Jörundarholti 110.

(For.: Gylfi Þórðarson og Marta Kristín Ásgeirsdóttir)

Dagný Rún Ágústsdóttir, Einigrund 27.

(For.: Benedikta Gísladóttir og Ágúst Héðinsson.)

Fósturf.: Kristinn Einarsson)

Drífa Sjöfn Hákonardóttir, Vesturgötu 77.

(For.: Hákon Pálsson og Ingibjörg Hafsteinsdóttir)

Emelía Elín Fransdóttir, Vesturgötu 111.

(For.: Frans Magnússon og Elín Jónasdóttir)

Eva Björk Ingadóttir, Skólalabraut 37.

(For.: Linda Vernharðsdóttir og Ingi Björgvin Karlsson.)

Fósturf.: Helgi Björn Hjaltested)

Friðmey Jónsdóttir, Jörundarholti 116.

(For.: Jón Smári Svavarsson og Pálína Alfreðsdóttir)

Fylkir Birgisson, Lerkigrund 2.

(For.: Birgir Þór Guðmundsson og Edda Agnarsdóttir)

Helga Ingibjörg Guðjónsdóttir, Skólalabraut 26.

(For.: Guðjón Kristjánsson og Ingibjörg Sigurðardóttir)

Jón Gunnar Garðarsson, Bjarkargrund 38.

(For.: Garðar Jónsson og Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir)

Kristján Mar Svavarsson, Esjuvöllum 3.

(For.: Svavar K. Garðarsson og Jóna María Sigurgísladóttir)

Samúel Þór Guðjónsson, Brekkubraut 5.

(For.: Guðjón Sólmundsson og Sigríður Karen Samúelsdóttir)

Steindór Tryggvason, Grenigrund 2.

(For.: Tryggvi Bjarnason og Erna Eyjólfssdóttir)

Sölvi Már Hjaltason, Reynigrund 39.

(For.: Hjalti Njálsson og Valdis Þóra Valdimarsdóttir)

Vera Líndal Guðnadóttir, Skólalabraut 20.

(For.: Guðni Hannesson og Lilja Líndal Aðalsteinsdóttir)

Sunnudagur 8. apríl, kl. 10.30

Andri Þór Sigþórsson, Einigrund 16.

(For.: Sigþór Ómarsson og Ragnheiður Þ. Benediktsdóttir)

Ásbjörn Ólafsson, Vesturgötu 25.

(For.: Ólafur Aðalsteinsson og Marta Kristín Lund)

Elisabet Stefánsdóttir, Faxabraut 15.

(For.: Stefán Jónsson og Þórunn Ú. Steinarsdóttir)

Guðjón Jónsson, Háholti 30.

(For.: Jón Jóhannsson og Súsanna Steinþórsdóttir)

Guðmundur Ólaf Kristjánsson, Stílholti 1.

(For.: Kristján Guðmundsson og Sigurveig Runólfssdóttir)

Guðmundur Páll Bergþórsson, Bjarkargrund 28.

(For.: Bergþór Guðmundsson og Bryndís Rósa Jónsdóttir)

Harpa Lind Guðmundsdóttir, Stekkjarholti 4.

(For.: Guðmundur Sæmundsson og Ingibjörg Jónsdóttir)

Hrannar Hallgrímsson, Jörundarholti 103.

(For.: Hallgrímur Sigurðsson og Ingibjörg Haraldsdóttir)

Jón Ingi Prastarson, Lerkigrund 2.

(For.: Pröstur G. Haraldsson og Inga Birna Magnadóttir)

Karitas Ósk Ólafsdóttir, Stílholti 14.

(For.: Ólafur Óskarsson og Kristný Lóa Traustadóttir)

Leifur Ingi Vilhelmsson, Grenigrund 16.

(For.: Vilhelm Jónsson og Soffía Pétursdóttir)

Ragnar Lárus Sigurðsson, Vogabraut 14.

(For.: Sigurður M. Jónsson og Málfríður Þorkeldsdóttir)

Stefán Jóhann Sigurðsson, Lauugarbraut 16.

(For.: Sigurður S. Sverrisson og Steinunn Ólafsdóttir)

Unnar Valgarð Jónsson, Furugrund 16.

(For.: Jón Pálmi Pálsson og Katrín Leifsdóttir)

Tinna Ósk Grímarsdóttir, Reynigrund 42.

(For.: Grímar Teitsson og Petrun Sveinsdóttir)

Valgerður Valgeirsdóttir, Höfðabraut 14.

(For.: Valgeir Guðmundsson og Aðalbjörg Sólrún Einarsdóttir. Forráðam.: Bergþóra Valgeirsdóttir)

Vilborg Helga Ólafsdóttir, Garðabraut 45.

(For.: Svanborg Eyþórsdóttir og Ólafur Ottó Erlendsson).

Sunnudagur 8. apríl, kl. 14

Arnar Már Guðjónsson, Vallarbraut 7.

(For.: Guðjón S. Böðvarsson og Ragnheiður S. Þórðardóttir)

Axel Már Karlsson, Grenigrund 34.

(For.: Karl Óskar Alfreðsson og Halldóra Elsa Þórisdóttir)

Ágúst Ingi Sævarsson, Garðabraut 45.

(For.: Helena María Ágústsdóttir og Sævar Árnason)

Birna Björk Sigurgeirsdóttir, Brekkubraut 27.

(For.: Sigurgeir Sveinsson og Dröfn Viðarsdóttir)

Birkir Snær Guðlaugsson, Sandabraut 11.

(For.: Guðlaugur Sæmundsson og Valey Björk Guðjónsdóttir)

Eydis Sigurðardóttir, Suðurgötu 89.

(For.: Margrét Arna Aradóttir og Sigurður E. Hlíðar. Fósturf.: Guðmundur G. Guðmundsson)

Guðrún Sesselja Sveinbjörnsdóttir, Suðurgötu 68.

(For.: Sveinbjörn Júlíusson og Kristín Guðjónsdóttir)

Heiður Sif Heiðarsdóttir, Skarðsbraut 7.

(For.: Heiðar Geir Olgeirsson og Brynja Björk Halldórsdóttir)

Helena Þóra Sigurbjörnsdóttir, Akurgerði 4.

(For.: Sigurbjörn Þ. Guðmundsson og Rósa M. Salomonsdóttir)

Jóhann Þorsteinsson, Jörundarholti 4.

(For.: Þorsteinn K. Jóhannesson og Sigurey G. Lúðvíksdóttir)

Linda Sif Frimannsdóttir, Jörundarholti 33.

(For.: Frímánn Smári Eliasson og Guðný Tómasdóttir)

Margrét Elfa Ólafsdóttir, Garðabraut 5.

(For.: Þóra Guðrún Grímsdóttir og Ólafur Gunnarsson. Fósturf.: Kjartan Valdimarsson)

Marinó Árnason, Esjuvöllum 8.

(For.: Árni Ívar Ívarsson og Arna Böðvarsdóttir)

Pálmi Þór Jóhannsson, Krókatúni 11.

(For.: Jóhann Finnbogason og Sigríður H. Sigfúsdóttir)

Rebekka Einarsdóttir, Vesturgötu 150.

(For.: Svandís Vilmundardóttir og Einar Óli Einarsson)

Sölvi Páll Ásgeirsson, Heiðarbraut 65.

(For.: Ásgeir Ásgeirsson og Ásthildur Helga Sölvadóttir)

Sunnudagur 22. apríl, kl. 10.30

Andri Már Magnússon, Kirkjubraut 30a.

(For.: Þórunn Matthíasdóttir og Magnús Valur Magnússon)

Auður Valdís Grétarsdóttir, Höfðabraut 14.

(For.: Hulda J. Jónsdóttir og Grétar Smári Hallbjörnsson. Fósturf.: Gísli B. Gunnsteinsson)

Ásdís Sigtryggsdóttir, Vogabraut 48.

(For.: Sigtryggur Karlsson og Helga Gunnarsdóttir)

Björg Ragnarsdóttir, Háholti 23.

(For.: Sigríður Brynjólfssdóttir og Ragnar Á. Guðmundsson. Fósturf.: Ólafur H. Ólafsson)

Eyrún Jóna Reynisdóttir, Jörundarholti 39.

(For.: G. Reynir Jóhannsson og Inga Rún Garðarsdóttir)

Heimir Einarsson, Einigrund 32.

(For.: Sigríður Þorsteinsdóttir og Einar Gíslason. Fósturf.: Þorkell Helgi Björgvinsson og Kristín Kristmannsdóttir)

Ingólfur Pétursson, Viðigrund 8.

(For.: Pétur H. Ingólfsson og Þórgunnur Stefánsdóttir)

Karítas Gissurardóttir, Jörundarholti 222.

(For.: Gissur Þór Ágústsson og Sigríður Alla Alfreðsdóttir)

Margrét Gunnarsdóttir, Einigrund 9.

(For.: Gunnar Magnússon og Steinunn Ása Björnsdóttir)

Marianna Vestmann Grétarsdóttir, Vallarbraut 1.

(For.: Grétar Þór Magnússon og Valgerður Jóhannsdóttir)

Ragnheiður Viðarsdóttir, Furugrund 33.

(For.: Viðar Stefánsson og Ragnheiður Ívarsdóttir)

Svava Mjöll Viðarsdóttir, Brekkubraut 18.

(For.: Viðar Svavarsson og Fjóla Ásgeirsdóttir)

Sedís Ósp Runólfssdóttir, Háholti 15.

(For.: Runólfur Sigurðsson og Elín Valgarðsdóttir)

Una Lovísa Ingólfssdóttir, Sóleyjargötu 14.

(For.: Ingólfur Árnason og Guðrún A. Sveinsdóttir)

Sunnudagur 22. apríl, kl. 14

Bjarki Jens Gunnarsson, Garðabraut 45.

(For.: Dóra Björk Scott og Gunnar Jens Elí Einarsson. Fósturf.: Lárus Hjalttested)

Bjarki Þór Guðjónsson, Jörundarholti 22.

(For.: Guðjón Viðar Guðjónsson og Sigríður Þorkeldsdóttir)

Eva Lind Helgadóttir, Mánabraut 4.

(For.: Helgi Guðlaugsson og Kristín A. Þórðardóttir)

Hallgrímur P. Stefánsson, Deildartúni 4.

(For.: Stefán Skafti Steinólfsson og Linda B. Sæmundsdóttir. Fósturm.: Þórey Helgadóttir)

Jón Valur Ómarsson, Grenigrund 38.

(For.: Ómar Sigurðsson og Jórunn Friðriksdóttir)

Július Butt Davíðsson, Lerkigrund 5.

(For.: David J. Butt og Eufemia B. Guðnadóttir)

Kristín Mist Sigurbjörnsdóttir, Jörundarholti 13.

(For.: Sigurbjörn Hafsteinsson og Sesselja L. Allansdóttir)

Lilja Karen Jónsdóttir, Jaðarsbraut 41.

(For.: Jón Helgi Guðmundsson og Elsa Björk Knútsdóttir)

Ragnar Karlsson, Espigrund 11.

(For.: Karl Sigurgeirsson og Elín Káradóttir)

Salvar Georgsson, Grenigrund 10.

(For.: Georg Þorvaldsson og Ingveldur Jónsdóttir)

Sandra Rós Ólafsdóttir, Skagabraut 8.

(For.: Unnur S. Jónsdóttir og Ólafur Daníelsson. Fósturf.: Gísli Jens Viborg)

Sigrún Hauksdóttir, Jörundarholti 128.

(For.: Haukur Hauksson og Arína Guðmundsdóttir)

Þórdís Kolbrún Gylfadóttir, Esjubraut 13.

(For.: Gylfi R. Guðmundsson og Fjóla K. Ásgeirsdóttir)

Kristbjörg Smáradóttir, Lerkigrund 4 var fermd 18. mars sl.

(For.: Smári Jónsson og Guðbjörg Nielsdóttir)

Við reddum þessu.

NÁMAN betri fjármálaþjónusta fyrir ungt fólk.

Í Landsbankanum vitum við hvernig það er að vera í námi og vera dálítið blankur. Þess vegna vitum við líka að stundum þarf bara að redda hlutunum.

Þjónustuver 560 6000 | Opíó frá til 89



Landsbankinn
Betri banki